

Ed.

234. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um rikisskuldabréf.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna verði þannig:

Öll skuldabréfin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafól og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Af skuldabréfum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabréfaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabréfin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

3. gr.

7. gr. laganna er úr gildi numin.